

BÓKF1BF05

Búið til: Tue, 22 Feb 2022 11:21:34 GMT

Titill

Bókfærsla - grunnáfangi

Skammstöfun

BÓKF1BF05

Útgáfunúmer

11

Námsgrein

bókfærsla

Viðfangsefni

bókfærsla, dagbók, fyrsti áfangi, grunnatriði bókfærslu, inngangur að bókfærslu, uppgjör

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunn reikninga í fjárhagsbókhaldi. Nemendum er gerð grein fyrir tilgangi bókhalds og kynnt helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds
- Hinum fjórum grundvallarlyklum bókhalds, eignir, skuldir, gjöld og tekjur
- Muninum á efnahags- og rekstrarreikningi
- Hugtökunum álagning, vextir, afskriftir, söluhagnaður og tap eigna
- Flutningsskilmálunum FOB og CIF
- Undirstöðuatriðum launabókhalds

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Hefja bókhald með hliðsjón af fyrirbyggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis
- Stilla upp prófjöfnuði
- Gera einfaldar dagbókarfærslur

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta gert upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil
- Geta gert lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrirfram og ógreiddan kostnað og fleira
- Geta gert upp virðisaukaskatt

- Geta sett upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati yfir áfangann. Öll vinna, þátttaka og verkefni í áfanganum gilda til einkunnar.

Skólar**Fyrirmynd**